

Rannsóknaskýrslur 2001

Ásbjarnarstaðir, Stafholtstungnahreppi Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson



Rannsóknaskýrslur 2001

?

Ásbjarnarstaðir, Stafholtstungnahreppi
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson

Ljósmynd á forsíðu: Mynd 1: Loftmynd af Ásbjarnarstöðum. (Byggðir Borgarfjarðar III: 129).

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	?
Framkvæmd.....	?
Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu.....	?
Vettvangsathugun.....	?
Heimildir.....	?
Viðauki:	
Túnakort.....	?
Loftmynd.....	?

Inngangur

Vegna fyrirhugaðs deiliskipulags í landi Ásbjarnarstaða, Borgarbyggð, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann athugaði um fornleifar á viðkomandi lóð, en eigi er hægt að samþykkja deiliskipulag án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 18. grein Þjóðminjalaga nr. 88/1989:

...Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi, eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það...

Í 64. grein reglugerðar um þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknað séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og upprættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölríttuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum....

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Skylt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr. 20. grein þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?

Í 16. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,...
Að jafnaði teljast minjar 100 ára eða eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Framkvæmd


Þann 5. júní 2001 var gerð vettvangskönnun í landi Ásbjarnarstaða, í hinum gamla Stafholtstunguhrepp. Ásbjarnarstaðir er landstór jörð en það sem einkennir hana eru árgljúfrin að norðanverðu við túnin.

Var gengið um fyrirhugað framkvæmdasvæði og það borið saman við heimildir. Til eru fyrstu drög að fornleifaskráningu í Mýrarsýslu sem er samantekt heimilda. Var hún höfð til hliðsjónar, en þar eru samkvæmt heimildum skráðar 15 minjar í landi Ásbjarnarstaða, þar á meðal eru þrjár friðlýstar fornleifar. Hoftóft, svokölluð, í túninu norðaustur frá bænum, tóft, suður í túninu, andspænis bænum, og Oddstaðarúst á landamærum Ásbjarnarstaða og Sleggjulækjar

Teknar voru myndir þar sem það átti við og skráð það sem fyrir augun bar. Land jarðarinnar afmarkast af landi Sleggjulækjar að vestan en af eyðibýlinu Selhaga, byggðu úr Ásbjarnarstaðalandi 1907, að austan. Að öðru leyti eru mörk jarðarinnar um Þverá að norðan, gegnt Norðtúngu, Helgavatni og Örnólfsdal í Þverárhlið. Í suðri eru landamerki eftir há Síðufjalli á mótí Þorgautstöðum og Fróðastöðum í Hvítársíðu. Til er örnefnalýsing yfir Ásbjarnarstaði sem Ari Gíslason skráði, þar sem koma fram 123 örnefni.

Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu

Stafholtstungur eru þrjár, Ysta-, Mið- og Syðstatunga. Ásbjarnarstaðir eru í Syðstutungu sem er á milli Þverár og Hvítár.



Mynd 2. Afstöðumynd af Ásbjarnarstöðum. (Byggðir Borgarfjarðar III: 125.)

Ásbjarnarstaðir eru landnámsjörð. Samkvæmt Landnámu nam Ásbjörn hinn auði Harðarson land fyrir sunnan Kjarrá upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga.

Þegar jarðatal var tekið 1709 var var jarðardýrleiki 16 hundruð en ábúandi jarðarinnar einn, Bjarni Sveinsson. Í bústofninum voru 5 kýr, ein kvíga að fyrsta kálfi og ær („Hjer vantar fjenaðartöluna, og er tveggja lína eyða í hdr.“), en fóðrast gátu 6 kýr, 60 ær, 20 lömb og 1 hestur.¹

Samkvæmt jarðatali Johnsen voru þar 1847 fjögur kúgildi og einn leigandi, en jörðin hafði haldið verðgildi sínu, hún var enn talið 16 hundruð að jarðardýrleika.²

Eigendur og ábúendur frá 1980 eru: Ásbjörn Sigurgeirsson, f. 20-07-1952 og Kristín Siensen, f. 27-04-1953. Bústofn 1993 var: sauðfé 370, og hross 16.³

Í ævisögu sinni segir Guðmundur Hjaltason að jarðardýrleiki jarðarinnar sé 16 hundruð, en hann var fæddur á Ásbjarnarstöðum 1853. Hann lýsir jörðinni á eftirfarandi hátt:

„Heyskapur var allgóður, en nokkuð voru mýrarnar og keldurnar blautar, móarnir þýfðir, erfitt ofan á eyrnar, en erfiðast þó upp í fjallaflóana. Töðugæft var sumt móaheyið og stekkjartaðan. Sumarhagar voru ágætir í fjallinu, brekkugras, víðir og mýrgresi. Vetrabeit var lakari, þegar haglaust var í fjallinu, - því að mýrar og flóar neðra voru ýmist slegin eða fóru undir ís og gadd. Var fengin beit í Örnólfsstaðamúla og rekið á ís yfir ána. - Vanalega voru þetta 120-140 fjár, 6-7 nautgripir og 10-12 hross alls á jörðinni. Hefði þó mátt hafa fleirri skepnur, ef allar fjallslægjurnar hefðu verið notaðar. Fólkið var 10 manns, flest vinnandi. Ég var eina barnið á bænum þangað til ég var 14 ára....

Bæjarhúsin þar voru allgóð. Baðstofan um 12 álna löng, 6-7 álna breið og nær 4 álna há frá lofti og upp í mæni. Hún var hálf með súð, en hálf með reisifjöl. 4 voru gluggarnir og einn á hjörum. »Túða« var á mæninum. Var birta sæmileg og loftið eins, þegar gluggin og »túðan« voru opin. Annars vegar undir baðstofuloftinu var gestastofan.... Hins vegar undir baðstofuloftinu var rúm vinnumanna og svo vefstóll og lengi kvörn. Þarna var lítt um þiljur, en gestastofan var alþiljuð. Búr og eldhús, skemmur tvær og smiðja voru vel viðuð, en óþiljuð. Gripahús voru allgóð, bæði fjárhús, fjós og hesthús, og var hús handa hverri skepnu og allt hýst í illviðrum. Ekki voru samt neinir glergluggar á gripahúsunum. Hlöður voru engar, að eins heygarðar og heytóftir. En tré nokkurn veginn nóg til að hleypa undir heypökin. Stöðull var í túnfætinum og stekkurinn ekki langt frá bænum.⁴

Vettvangsathugun

Einsog kom fram hér að framan þá eru til fyrstu drög að fornleifaskráningu í Mýrarsýslu, en þar eru samkvæmt heimildum skráðar 15 minjar í landi Ásbjarnarstaða. Að auki er minnst á þrjár vörður í örnefnaskrá, á túnakorti er minnst á hús, og við vettvangsathugun komu fram tveir matjurtargarðar.

¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín: 315-316.

² Johnsen: 127.

³ Byggðir Borgarfjarðar III: 129.

⁴ Guðmundur Hjaltason: 8-9.



Mynd 3. Skipulagsuppdráttur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í örnefnalýsingu stendur um framkvæmdasvæðið:

„Austast í túninu er Stöðulholt (112), þar sem fjárhúsin eru, nú norðar á túninu; þar sem gömlu fjárhúsin voru, heita Brenndutættur (113); þau voru rifin 1944 og voru að brenna heilt sumar. Á Stöðuhól (svo) mótast fyrir rústum eftir Hof (114). Bæjarmegin við fjárhúsin er Ásbjarnarleiði (115), eins og smágarður þarna á hólum. Langhóll (116) er sunnan við bæinn, og matjurtagarður er bæjarmegin við hann. Kúalág (117) hét þar, sem garðurinn er, en niður á túninu er svo Breiðhóll (118). Þar fyrir ofan var allmikið þúfnastykki, er heitir Tólfálnatún (119). Vestan við vegin heim er svo Hesthústún (120), og þar fyrir vestan er Trumbhóll (121). Inn í hann var grafið fyrir hænsnakofa; reyndist þetta þá vera gamall öskuhaugur.“⁵



Mynd 4. Séð heim að bænum, Hesthústún á vinstri hönd. Horft í NA.

⁵ Örnefnastofnun: 6-7.

Einsog fyrr var sagt þá eru þrjár friðlýstar minjar í landi Ásbjarnarstaða og þaraf tvær á tilvonandi deiliskipulagssvæði, þ.e. „Hoftóft“ og „önnur tóft“. Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni munu báðar þessar tóftir vera horfnar.⁶



Mynd 5. Svæðið norðaustur í túninu. Það sést í gömlu heimreiðargötuna. Horft í N.

Brynjólfur Jónson segir frá því 1896 að „Hoftóftin“ sé norðaustur í túninu, rétt við heimreiðargötuna að bænum. Hún á að liggja frá norðvestri til suðausturs og er um sjö faðma löng en um 5 faðma breið. Efast hann um að þetta sé hoftóft.⁷ Á mynd 4 sést líkleg staðsetningin á tóftinni. Hin tóftin á að vera suður í túninu, andspænis bænum og stefna frá norðri til suðurs.




Mynd 6. Túnið andspænis bænum, matjurtargarð ber á milli. Horft í N.

⁶ Ágúst Georgsson: 23.

⁷ Brynjólfur Jónson: 16.

Engin umerki um þessar tvær tóftir er að finna í dag, og finnast þær líklegast ekki nema með rannsókn.

En eitthvað er um sjáanlegar minjar. Í norðaustur horni skipulagssvæðisins er gamlar húsarústir. Á túnakorti frá 1917 eru þær merktar sem hús, og virðast vera fyrir utan þáverandi tún. GPS hnitin á rúst A eru: N 64° 44.914 – V 21° 19.665, og á rúst B: N 64° 44 908 V 21° 19 643.



Mynd 7. Húsarúst A. Horft í ANA.



Mynd 8. Húsarúst B. Horft í SA.

Einsog fyrr var sagt þá eru tveir gamlir matjurtargarðar á skipulagssvæðinu. Sá fyrri virðist vera eldri og er ekki lengur í notkun.



Mynd 9. Matjurtargarður. Horft í VSV.

GPS hnit á garðinum eru: N 64° 44.791 – V 21° 19.775. Skáhallt fyrir framan núverandi bæjarhús og beint fyrir framan gamla bæjarstæðið er annan gamall matjurtargarður sem hefur verið breytt í trjáræktargarð.



Mynd 10. Matjurtargarður. Horft í N.

Norður frá bænum sjást einnig leifar af hlöðnum garði. Erfitt er að segja hvort um er að ræða túngarð eða eitthvað annað þar sem búið er að slétta hann að miklu leyti. Á milli núverandi fjárhús og lítils skúrs norðan við það er hið svokallaða „Ásbjarnarleiði“. GPS hnitin á því eru: N 64° 44.834 – V 21° 19.883.



Mynd 11. „Ásbjarnarleiði“. Horft í A.

Í þessu skipulagi er gert ráð fyrir fimm byggingarreitum, A-E (sjá loftmynd hér á eftir). Reitir B og E virðast ekki hrófla við né skemma fornleifar, svo ég sé ekkert sem mælir á móti þeim. Reitur A gæti verið á þeim stað sem önnur friðlýsta tóftin er og reitir C og D gætu verið þar sem hin svokallaða „Hoftóft“ er. Þessir reitir gætu hróflað við eða skemmt fornleifar. Þessvegna verð ég að gera athugasemdir við þá, ekki er hægt að samþykkja þessa byggingarreiti án frekari aðgerða, hvort sem það verður þrúfuskurðir eða framkvæmdaefirlit

Heimildir

Ágúst Georgsson, *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík 1990. (Handrit – útgefið)

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Fjórða bindi. Reykjavík 1982.

Brynjólfur Jónsson: Rannsókn í Mýrar- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896. *Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags*. Reykjavík 1897.

Byggðir Borgarfjarðar III. Mýrarsýsla og Borgarnes. Búnaðarsamband Borgarfjarðar 1993.

Eggert Ólafsson. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Reykjavík MCMXLIII [1943].

Guðmundur Hjaltason: *Æfisaga*. Reykjavík 1923.

Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*. 1847.


Karl Rúnar Þórsson og Margrét Guðjónsdóttir. *Fyrstu drög að fornleifaskráningu í Mýrarsýslu*. Samantekt heimilda fyrir heildarskráningu. (Handrit – útgefið) 1997.

Örnefnastofnun. Ásbjarnarstaðir. Stafholtstungnahrepp.

Túnaupprættir 1920-1921. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort

Ístjarnarstaðir.



Stærð þess: 4.4 ha.
 Hluti skóla = 1/2
 Gn. = Hálgaður 170 m².
 --- = gírding (húsið og gn.).
 1: 2000

1/2 '1987.
 Rb.

